



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 14.04.2011 kl. 17:15
Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞP), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Victor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞP) og Victor Ingi Olsen (VIO).

Formaður setur fund og stjórnar. Bíður fundarmenn velkomna.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
2. Verkaskipting stjórnar
 - a. Varaformaður Sigurður Bjarnason, gjaldkeri Þorsteinn Þorbergsson, ritari Sigrún Dan Róbertsdóttir, meðstjórnandi Viðar Erlingsson, í varastjórn eru Sara Rut Unnarsdóttir og Victor Ingi Olsen.
3. Fjárhagsráð
 - a. Umræður um stofnun fjárhagsráðs. Sigurður Bjarnason verður formaður ráðsins. Hann mun leggja fram nánari útfærslu á hugmyndinni að baki stofnun ráðsins á næsta fundi. Ákvörðun frestað.
4. Búninganefnd
 - a. Rætt um áframhaldandi starf búninganefndar félagsins í framhaldi af ræðu formanns á aðalfundi félagsins. Málið verður unnið áfram.
5. Félagsmálanámskeið
 - a. Frestað
6. Kostnaður við rekstur afreksstarfs
 - a. Rætt um kostnað við afreksstarf og mun á honum eftir deildum. Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að afla upplýsinga úr rekstri deilda.
7. Fundir aðalstjórnar
 - a. Rætt um fyrirkomulag aðalstjórnarfunda og fundi með stjórnnum deilda. Ákvörðun frestað. Stefnt er að reglulegum aðalstjórnarfundum í hádeginu á fimmtudögum skv. nánara plani. Fyrirhugaðir eru fundir með stjórnnum deilda auk þess sem bæjarstjórn og stjórn ÍTG verður boðið til fundar seinni hluta maí mánaðar.
8. Verkefnalisti - frestað
9. Önnur mál
 - a. Rætt um nauðsyn þess að samræma notkun á merki og búningum félagsins. Málið verður unnið áfram.

Næsti fundur verður í Stjörnuheimilinu mánudaginn 18.04.2011 kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 18:15

Ritað PGR